



Spáum óbreyttum stýrivöxtum


Við gerum ráð fyrir að peningastefnunefnd ákveði að halda stýrivöxtum óbreyttum á næsta vaxtaákvörðunarfundi sínum. Ákvörðun nefndarinnar verður tilkynnt miðvikudaginn 15. nóvember. Samhliða ákvörðuninni gefur Seðlabankinn út stór Peningamál með nýrri þjóðhags- og verðbólguþá. Ef niðurstaða spárinnar verður á þá leið að hraðar dragi úr spennunni í þjóðarbúskapnum en búist var við er líklegt að nefndin kunni að telja svigrúm til frekari vaxtalækkana. Á móti vegur að ekki hefur enn tekist að mynda nýja ríkisstjórn eftir Alþingiskosningarnar og því talsverð óvissa um framvindu ríkisfjármála. Við gerum ráð fyrir að óvissa um aðhaldsstig ríkisfjármála á komandi misserum muni vega þyngra og nefndin ákveði að halda stýrivöxtum óbreyttum að þessu sinni.

Í fundargerð nefndarinnar kom jafnframt fram að nefndin væri sammála um að núverandi vaxtastig væri hæfilegt miðað við fyrirbyggjandi gögn á þeim tíma. Því er ólíklegt að stýrivöxtum verði breytt nema verulegar breytingar komi fram varðandi þjóðhagsspá Seðlabankans fyrir komandi misseri.

„Var nefndin hins vegar sammála um að þróun verðbólgu og verðbólguvæntinga auk skýrari merkja um minnkandi spennu gæfi svigrúm til að lækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Töldu nefndarmenn að eftir þá lækkun nægðu raunvextir bankans til þess að verðbólga yrði að jafnaði við markmið.“

Óvænt vaxtalækkun síðast þrátt fyrir stjórnarslit

Seðlabankinn lækkaði vextina óvænt síðast en flestir greiningaraðilar höfðu spáð óbreyttum vöxtum. Flestir helstu hagvísar höfðu lítið breyst frá fundinum þar á undan og því í raun lítið sem kallaði á lækkun vaxta en vöxtum var vel að merkja haldið óbreyttum þar á undan. Því til viðbótar töldu greiningaraðilar að í ljósi óvissu um framvindu ríkisfjármála vegna stjórnarslita myndi Seðlabankinn bíða átekta með frekari vaxtalækkanir.





Í rökstuðningi peningastefnunefndarinnar fyrir vaxtalækkuninni var m.a. vísað til þess að Seðlabankinn mæti framleiðsluspennuna nú minni en áður hafði verið gert ráð fyrir.


Verulega dregur úr flökti á gengi krónunnar

Eftir mjög mikið flökt á krónunni í sumar og haust hefur það gengið niður og hefur 30 daga flökt á síðustu vikum verið með lægsta mótí sé horft á þróunina frá áramótum. Í því sambandi er rétt að benda á að fjármagnshöftin voru afnumin að mestu um miðjan mars síðastliðinn en flöktið var eðli málsins samkvæmt minna þegar þau voru við lýði. Segja má að flöktið hafi minnkað af sjálfu sér en Seðlabankinn hefur ekkert gripið inn í á gjaldeyrismarkaði síðan 17. ágúst síðastliðinn þegar hann seldi krónur fyrir rúmlega 1,1 ma.kr. Minna flökt dregur úr óvissu um gengisþróun til næstu framtíðar og ætti af þeim sökum að draga úr verðbólguvæntingum að öðru óbreyttu. Gengi krónunnar hefur á síðustu vikum einnig legið á þrengra bili en flesta aðra mánuði ársins en minna flökt og þrengra bil fylgist eðlilega að. Munur á hæsta og lægsta gildi gengisvísitölunnar sé litið 30 daga aftur í tímann var í kringum 7,5 stig í síðustu viku. Til samanburðar hefur þetta gildi hefur verið hærra en 8 megnið af árinu.


Verðbólgu- og þjóðhagsspá Seðlabankans líklegast lækkuð

Síðasta verðbólgu- og þjóðhagsspá Seðlabankans var gefin út í ágúst síðastliðnum en þar var um að ræða endurskoðaða spá frá því í maí. Í ágúst spáði Seðlabankinn því að verðbólgan færi yfir verðbólguþröngunni á þriðja ársfjórðungi næsta árs og yrði yfir því út spátímabilið og færi hæst í 3,2% á fjórða fjórðungi næsta árs. Miðað við yfirlýsingu peningastefnunefndar síðast og fundargerð síðasta vaxtaákvörðunarfundar má gera ráð fyrir að bæði hagspá bankans og verðbólgu- og þjóðhagsspá verði lækkuð eitthvað.

Gengisþróun og flökt



Munur á hæsta og lægsta gildi krónunnar





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.